

Velferðarráðherra og aðrir góðir gestir,

Það kom mér skemmtilega á óvart að haft væri samband við mig vegna ráðstefnunnar sem haldin er hér í dag og ég beðinn um að halda smá tölu um sjónarhól ungu kynslóðarinnar og samband og samstöðu kynslóða.

Frá því að ég man eftir mér hefi ég verið álitin gömul sál og vinirnir hafa tekið eftir því að ég hef ekki talað eins og þeir í gegnum tíðina – gott dæmi er þegar ég eitt sinn fór ekki skólann vegna lasleika þá var ég spurður daginn eftir hvað hefði verið að mér eða kannski hrjáð mig eins og ég hefði orðað það. Ég svaraði samviskusamlega að ég hefði verið með uppsölu og ekki komist. Þá spurðu vinirnir hvað er það og ég svaraði: ég var með uppsölu en þið hefðuð verið með ælupesti. Enda eru ekki margir drengir aldir upp af fjórum konum ef þannig má að orði komast – en nóg um það.

Í þessu stutta erindi mínu ætla ég að segja ykkur frá því góða sambandi sem ég hef átt í gegnum árin við hana ömmu mína, Ragnheiði Brynjólfsdóttur. Já, hún ber nafn biskupsdótturinnar í Skálholti og svo skemmtilega vill til að langafi minn hét líka Brynjólfur Sveinsson.

Ég ólst upp á upp á heimili þar sem kynslóðir skarast. Amma mín ólst upp á heimili þar sem þrjár kynslóðir bjuggu saman og ég var svo heppinn að hljóta sömu hlutskipti, við mamma bjuggum á heimili afa og ömmu og eftir að afa dó bjuggum við áfram með ömmu. Ég held að það sé heppilegt fyrir börn og unglunga að njóta samvasta við afa og ömmur og eldra fólk - það víkkar sjóndeildarhringinn og maður sér hlutina í öðru ljósi.

Þau geta miðlað svo miklu og sagt frá því hvernig var að alast upp í samfélagi þar sem lífskjörin og viðmiðin voru allt önnur.

Í þá daga voru til dæmis engar tölvur, engir farsímar, engar leikjatölvur, ekkert sjónvarp og svo mætti lengi telja. Þá lásu menn bækur og nutu þess að vera saman.

Amma mín hún Ragnheiður fæddist árið 1931 á Akureyri. Hún kynntist afa á menntaskólaárunum og saman luku þau stúdentsprófi vorið 1953 og fluttu þá hingað suður til náms og leiks.

Þegar ég var lítill las hún fyrir mig, sagði mér sögur, fór með mig í leikhús og á listasöfn og víkkaði þannig sjóndeildarhringinn minn sem síðan hefur verið mitt hugðarefni.

Ég hef aldrei litið á ömmu mína sem dæmigerða ömmu því ekki var hún síprjónandi né bakandi þrátt fyrir að vera með “próf í að skúra gólf og bræða smjör” eins og hún sagði oft glottandi – enda með húsmæðrakennarapróf.

Amma átti alltaf lausa stund og virtist eiga allan tímann í heiminum fyrir mig. Þegar ég lít til baka sé ég hvað hún hefur haft mikið langlundargeð ... ég átti það til að setja upp sýningar fyrir hana: brúðuleikhús, einleiki og óperur. Og sumar voru engar örsýningar heldur með hléi, veitingum og “alles”, alveg eins og í alvöru leikhúsi. Ég setti upp Kristnihald undir jökli, Litlu stúlkuna með eldspýturnar, La Traviötu, Vesalingana og svo mætti lengi telja. Og í lokin klappaði hún mér lof í lófa.

Amma var með ríkan húmor og við náðum mjög vel saman ... við hlustuðum á orð kvöldsins og á föstudagskvöldum sofnaði ég meðan hún hlustaði á Kvöldgesti Jónasar Jónassonar.

Það er á vissan hátt þroskandi að taka þátt þegar eitthvað bjátar á, samanber ömmu mína ... en hún fékk blóðtappa í lok nóvember 2003 þegar ég var alveg að verða 10 ára. Sem betur fer gekk hann til baka að hluta til og hún gat komið aftur heim á Sæbrautina um fimm mánuðum síðar. Hún var þá aðeins málhölt og með göngugrind en mikið var gott að fá hana aftur heim. Við bjuggum áfram saman og með hjálp systra hennar ömmu gekk dæmið upp, enda hafa þær systur alltaf verið nánar. Hún fór í dagvistun tvisar í viku í Þorrasel og tvisar í viku fór hún í æfngar á Grensás.

Við áttum tæplega fimm góð ár saman til viðbótar og hún var alltaf jafn yndisleg. Man sérstaklega eftir því þegar við fórum að sjá Edith Piaf í Þjóðleikhúsinu og mikið var það gaman.

En svo fékk hún annan tappa og því miður gekk hann ekki til baka og í framhaldi þurfti hún að fara á hjúkrunarheimili. Frá árinu 2009 hefur hún búið á hjúkrunarheimilinu Sóltúni og nýtur þar góðrar umönnunar. Í dag búum við mamma í göngufjarlægð við Sóltún og því hæg heimatökin fyrir mig að skreppa til hennar og smella á hana kossi. Þrátt fyrir málstolið þá náum við saman og skiljum hvort annað undravel.

Þegar ég hugsa til baka þá man ég ekki eftir því að styggðaryrði hafi fallið okkar í millum.

Ég hefði ekki getað verið heppnari með ömmuna mína, en eins og allir vita velur maður þær ekki svona fyrirfram – ég hefði ekki viljað missa af þessari reynslu því nú bý ég að henni og hún gerir mig að sterkari einstaklingi og tilbúnari til að takast á við ýmislegt.

Ömmu með lifandi frásagnargáfu og jafn líflega framkomu er vart hægt að finna – amma mín var alltaf til staðar með útrétta hönd og hjartað á réttum stað.

Hún var einstaklega viðræðugóð og reyndist auðvelt að setja sig í mín spor og það gleymist seint eða aldrei.

Amma hefur alltaf verið til staðar fyrir mig í núinu og ég reynt að vera til staðar fyrir hana ef ég get tekið þannig til orða.

Sambandið hefur verið einstakt og ég vona jafn gefandi fyrir báða aðila.

Vonandi mun ég þegar ég er orðinn gamall og vitur geta miðlað til afkomenda minna líkt og elsku besta amma mín gerði.

Það er ekki auðvelt að endurgjalda góðvildina og hlýjuna sem hún veitti mér en ég mun gera mitt ýtrasta.

Ég þakka fyrir áheyrnina.